



**Malarnám úr Seleyri og verndun vatnsbóls  
Borgarness**

**Guttormur Sigurbjarnarson**

**Greinargerð GS-90-02**

MALARNÁM ÚR SELEYRI OG  
VERNDUN VATNSBÓLS BORGARNESS

## 1. INNGANGUR

Mánudaginn 16. júlí s.l. fór ég að beiðni Borgarnessbæjar í vettvangskönnun um vatnsbólslasvæðið og malarnámurnar á Seleyri ásamt Óla Jóni Gunnarssyni bæjarstjóra, Jóni Kr. Guðmundssyni og fleiri starfsmönnum Borgarnessbæjar til að kanna afleiðingar malarvinnslunnar þar og ástand vatnsverndunarmála.

Almennt séð þá virtist mér ástand vatnsbólslasvæðisins mjög gott, nema hvað malarnámið við lækinn frá vestara gilinu hefur farið langt um því, sem ég gerði ráð fyrir í: „Tillögur að efnistöku úr Seleyri“ frá því í ágúst 1975, þar sem ég lagði til, að hvergi verði tekið meira en 2-3 m þykkt malarlag ofan af eyrinni. Það hefur því miður komið í ljós, það sem ég óttaðist þá, að dýpri efnistaka mundi valda því, að lækurinn frá gilinu færi í vatnavöxtum að grafa niður farveginn, og fara við það að draga til sín vatn frá vatnsbólunni. Þar að auki setur það brúna og veginn í þá hættu, að mölin grafist undan þeim. Mun ég síðar í þessari greinargerð víkja nánar að þessu vatnsrofi og hugsanlegum vörnum gegn því.

## 2. VERNDUN VATNSBÓLSINS

Að öðru leyti virðist verndun vatnsbólsins vera í góðu lagi, bæði friðun gegn ágangi búfjár og jarðraski. Vegurinn inn í Andakílshrepp ofan vatnsbólanna býður að vísu alltaf upp á vissa olíumengunarhættu vegna umferðaðhappa, svo að vegur meðfram strönd eyrarinnar, eins og hann hefur verið ráðgerður, væri tvímælalaust heppilegri lausn til frambúðar.

## 3. ÚRBÆTUR Á ÍVEITU

Samkvæmt upplýsingum þeirra, sem fylgst hafa með íveitum þeim, sem komið var fyrir ofarlega á Seleyrinni, þá hafa þær þjónað tilgangi sínum, sérstaklega íveitan frá austara gilinu. Árangurinn af íveitunni frá vestara gilinu liggur ekki jafn ljós fyrir, og hún hefur nú þétt svo botninn á íveitutjörninni, að nauðsynlegt er að grípa til hreinsiaðgerða. Ég er sammála þeirri tillögu, sem heimamenn lögðu fram, að það mundi tryggja enn frekar árangur af vestari íveitunni, að flytja írennslistjörnina um það bil 60-100 m til norðausturs, austur fyrir hitaveitulögnina, og lengja íveitulögnina sem því nemur. Þetta mundi enn fremur draga úr þeim skaðlegu áhrifum, sem niðurgröfturinn á farveginum frá vestara gilinu hefur á grunnvatnsstreymið til vatnsbólsins.

4. ROFSPJÖLL Í FARVEGI FRÁ  
VESTARA GILI

Mjög alvarlegt vatnsrof er nú komið fram í farvegi lækans úr vestara gilinu á Seleyri. Rofið nær frá djúpri malarnámu upp af ströndinni og upp að brúnni á nýja veginum, þar sem nú þegar er byrjað að grafast frá brúarmannvirkjunum. Á þessum kafla hefur grafist 2-4 m djúpur farvegur, og þar streymir jarðvatn inn, þegar grunnvatnsborðið hækkar í Seleyrinni. Þessi roffarvegur er á að giska 5-10 m breiður og yfir 200 m langur. Mjög er hætt við, að hann haldi áfram að grafast niður og út til hliðanna, ef ekkert verður að gert, sérstaklega upp við brúna, en þar hefur nú þegar verið sett nokkur grjótvörn. Þetta mikla vatnsrof stafar af því, að hallinn á farveginum hefur aukist að miklum mun, vegna þess að malarnámurnar eru nú orðnar á að giska 7-9 m

djúpar nokkuð upp eftir eyrinni. Auk þess heldur nýja brúin á veginum vatnsfarveginum þar í föstum skorðum og beinir rofinu í einn farveg. Malargryfjurnar þarna á eyrinni hafa verið grafnar meira en helmingi dýpri, heldur en ráðlagt var. Þessi roffarvegur getur bæði valdið áhættu fyrir vatnsbólíð og fyrir veginn og brúna.

## 5. VARNIR GEGN VATNSROFINU

Nauðsynlegt er að grípa til allra tiltækra ráða til að stöðva vatnsrofið í vestara gilinu, áður en meira tjón hlýst af því. Skulu hér lagðar fram nokkrar tillögur um varnaraðgerðir.

1. Öllu malarnámi verði hætt nú þegar í og við farveginn frá vestara gilinu.
2. Grjótvörn sú, sem sett hefur verið í farveginn neðan við brúna á þjóðveginum, verði stórlega aukin og endurbætt til að stöðva áframhaldandi rof upp undir brúarmannvirkin.
3. Byggðir verða þvergarðar í roffarveginum úr eyrarmölinni, og þeir varðir með sterkum dúk, svo að þeir rofni ekki. Nota má „payloader“ við garðagerðina. Efnið í garðana verður að taka úr efstu lögum eyrarinnar þar sem ekki má dýpka farveginn. Þvergarðarnir eiga að koma í veg fyrir áframhaldandi rof í farveginum og stöðva þá mól, sem er þar á ferðinni, svo að farvegurinn nái að byggja sig upp aftur. Til að byrja með verði gerðir þrjú þvergarðar jafnháir farveginum. Efsti garður verði settur um það bil 60 m neðan við brúna, annar um það bil 75 m neðar í farveginum og sá neðsti um það bil 75 m þar fyrir neðan, eða rétt ofan við stærstu malarnámuna.
4. Áhersla skal á það lögð, að dúkurinn þeki vel mölina til að verja hana vatnsrofinu. Ef rof heldur þarna áfram samt sem áður, þá verður að styrkja garðana með grjóti eða grjótþylsum.

## 6. FARVEGURINN FRÁ EYSTRAGILINU

Malarnámið úr farveginum frá austara gilinu hefur í stórum dráttum fylgt þeim reglum sem settar voru, enda virðist þar ekki vera um neitt skaðlegt rof að ræða, heldur virðast farvegirnir vera að leita jafnvægis, þannig að lækurinn flakkar um eyrina og hleður mölinni heldur undir sig. Hins vegar skal það tekið fram, að frekari efnistaka þar væri mjög tvísýn, svo að nú er svo komið, *að ekki er unnt að heimila frekari efnistöku nokkurs staðar úr Seleyrinni, ef verndun vatnsbólísins á að vera trygg*, og réttur þess mun hafa lagalega forgang.

Guttormur Sigbjarnarson